

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. febrúar 1970 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

Aftan við 1. málsgrein 52. gr. reglugerðar bætist:

Stúdentar frá Kennaraskóla Íslands skulu við próf í forspjallsvísindum undanþegnir því að þreyta próf í sálarfræði. Hið sama gildir um stúdenta brautskráða úr öðrum menntaskólum, sem hafa lokið kennaraprófi í Kennaraskólanum.

Stúdentar þessir skulu því aðeins þreyta próf í rökfræði og heimspekisögu. Nú eru þessar greinar taldar 50% af forspjallsvísindum, og einkunnahlutfall á prófi er í samræmi við það. Skal því próftími þessara stúdenta vera 2 klukkustundir, og skulu þeir hljóta meðaleinkunnina 7 í þessum heimspekigreinum til þess að standast prófið.

#### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 1970.*

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands, féllst hinn 13. febrúar 1970 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

1. 40. gr. A. 4. orðist svo:  
Siðfræði og félagsleg siðfræði.
2. 40. gr. A. 5. c. orðist svo:  
Saga guðfræðinnar.
3. 40. gr. A., síðasta málsgrein, verði svohljóðandi:  
Stúdentar skulu semja sex ræður, flytja tvær messur að loknu námi í tónflutningi og framsögn, taka stöðugan þátt í æfingum í barnaspurningum eitt kennslumisseri, taka þátt í kirkjulegu barna- og æskulýðsstarfi samkvæmt úkvæðum deildarinnar eitt misseri, starfa við sjúkrahús eða aðra félagslega stofnun um tveggja mánaða skeið og sækja námskeið í sálsvísindum samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

## 4. 40. gr. B., fyrri málsgrein orðist svo:

Enn fremur skulu stúdentar leysa af hendi skriflegar æfingar sem hér segir: Fjórar í Nýja testamentisfræðum, tvær í Gamla testamentisfræðum, tvær í trúfræði, tvær í siðfræði, tvær í kirkjusögu, eina í almennum trúarbragðafræðum. Skulu æfingar þessar að jafnaði leystar af hendi í misserislok.

**2. gr.**

1. Við upptalning kennslugreina í viðskiptadeild í 2. tölulið 48. gr. bætist:
  28. Stærðfræðileg hagfræði.
  29. Áhættukenningar.
2. Í upptalningu prófgreina síðara hluta prófs í viðskiptadeild í 50. gr. komi á eftir 17. lið:
  18. Stærðfræðileg hagfræði.
  19. Áhættukenningar.
 Núverandi 18. liður (Ritgerð) verður 20. liður í upptalningunni.
3. Í 2. málsg. á eftir upptalningu prófgreina síðara hluta prófs í viðskiptadeild í 50. gr. breytist setningin: „Prófgreinar 10—16 hafa gildið  $\frac{1}{2}$ “ á þessa lund: Prófgreinar 10—16 og 18—19 hafa gildið  $\frac{1}{2}$ .

**3. gr.**

Í 84. gr., 2. tölulið, falli brott eftirfarandi ákvæði: „Prófessorsembætti í tannlæknisfræði í klínískum greinum skulu eigi veitt öðrum en tannlæknum, sem stundað hafa í 3 ár hið skemmsta sérnám í aðalgrein prófessorsembættisins við háskóla eða aðra viðurkennda stofnun.

**4. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 13. febrúar 1970.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thortlacius.*

**FORSETA BRÉF**

**um að kveðja Alþingi til framhaldsfundar.**

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég veiti forsætisráðherra, umboð til þess að kveðja Alþingi saman til framhaldsfundar mánudaginn 2. marz 1970, kl. 14.00.

*Gjört að Bessastöðum, 21. febrúar 1970.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*